

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 76/2009

2009/EES/47/22

frá 30. júní 2009

um breytingu á bókun 10 við EES-samninginn, um að einfalda skoðun og formsatriði vegna vöruflutninga, og bókun 37 við EES-samninginn, með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sameiginlega EES-nefndin hefur ekki breytt bókun 10 við samninginn áður.
- 2) Bókun 37 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2009 frá 29. maí 2009 ⁽¹⁾.
- 3) Rétt er að breyta bókun 10 við samninginn í þágu gagnkvæmra hagsmuna Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna til þess að forðast ónauðsynleg höft og til þess að bæta við ákvæðum sem tryggja jafngildi öryggistengds tollefirlits sem fram fer í tengslum við vöruflutninga frá löndum utan EES og til þeirra.
- 4) Þessi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar á hvorki að taka til Íslands né Liechtensteins. Öllum EFTA-ríkjunum skal þó frjálst að gangast undir hana að fenginni nýrri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.
- 5) Evrópubandalagið og Noregur hafa markað þá ákveðnu stefnu að auka öryggi að því er varðar viðskipti með vörur sem fluttar eru inn á yfirráðasvæði þeirra eða út af því, án þess þó að skapa hindranir fyrir slíkum viðskiptum.
- 6) Í þágu gagnkvæmra hagsmuna Evrópubandalagsins og Noregs skal setja reglur sem tryggja jafngildi öryggistengds tollefirlits sem fram fer í tengslum við vöruflutninga frá löndum utan EES og til þeirra, og öðlast gildi samtímis samsvarandi reglum sem aðildarríki Evrópusambandsins beita.
- 7) Evrópubandalagið og Noregur hafa markað þá ákveðnu stefnu að tryggja jafngilt öryggi á yfirráðasvæðum sínum með öryggistengdu tollefirliti sem byggist á gildandi löggjöf í Evrópubandalaginu.
- 8) Það öryggistengda tollefirlit, sem hér um ræðir, lýtur að skýrslu með öryggisupplýsingum um vörurnar, sem skila ber áður en þær eru fluttar inn eða út, stýringu öryggisáhættu og tollskoðun í tengslum við hana, og veitingu gagnkvæmt viðurkenndrar stöðu viðurkennds rekstraraðila.
- 9) Æskilegt er að stjórnvöld í Noregi séu höfð með í ráðum um breytingar á reglum Evrópubandalagsins á sviði öryggistengds tollefirlits, og að þau fái upplýsingar um beitingu þeirra. Þess vegna er nauðsynlegt að breyta bókun 37 við samninginn, en hún hefur að geyma skrá yfir nefndir sem eiga að leita samráðs við sérfræðinga EFTA-ríkjanna þegar góð framkvæmd samningsins krefst slíks.
- 10) Með vísan til þess að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga var felld inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/1999 ⁽²⁾ telst vernd persónuupplýsinga fullnægjandi í Noregi.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 13, og EES-viðbætur við Stjótið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 14.

⁽²⁾ Stjótið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 41.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Bókun 10 við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við í bókun 37 við samninginn:

„29. Nefnd um tollareglur (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92).“

3. gr.

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 2009 eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*), hvort sem ber upp síðar.
2. Meðan beðið er tilkynninganna, sem um getur í 1. mgr., skal ákvörðun þessari beitt til bráðabirgða af hálfu Evrópubandalagsins og Noregs frá 1. júlí 2009 að telja eða frá hverjum þeim degi öðrum sem Evrópubandalagið og Noregur koma sér saman um og tilkynna hinum EFTA-riðjunum og Eftirlitsstofnun EFTA.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. júní 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2009

Bókun 10 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 2. gr.:
 - „3. Ákvæði um öryggistengt tollefirlit í II. kafla a og I. og II. viðauka við bókunina gilda aðeins milli Evrópubandalagsins og Noregs.
 4. Þar sem vísað er til tollsvæðis samningsaðila í II. kafla a og I. og II. viðauka við bókun þessa er átt við
 - tollsvæði Evrópubandalagsins,
 - tollsvæði Noregs.“
2. Eftirfarandi kafli bætist við á eftir II. kafla (STARFSREGLUR)

„II. KAFLI a

ÖRYGGISTENGT TOLLEFIRLIT

9. gr. a

Skilgreiningar

Í þessum kafla hafa eftirtalin hugtök sérstaka merkingu:

- a) „Áhætta“: líkurnar á því að atvik eigi sér stað í tengslum við innflutning, útflutning, umflutning, tilflutning og notkun á vörum sem fara milli tollsvæðis eins samningsaðila og landa utan EES, eða í tengslum við vörur sem eru ekki í frjálsri dreifingu, sem skapi hættu fyrir öryggi samningsaðila, lýðheilsu, umhverfi eða neytendur.
- b) „Stýring áhættu“: kerfisbundin greining á áhættu og hvers kyns ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að takmarka áhættu. Undir þetta fellur starfsemi á borð við söfnun gagna og upplýsinga, greiningu og mat á áhættu, fyrirmæli um aðgerðir og útfærslu aðgerða, ásamt reglulegri vöktun og endurskoðun ferlisins og niðurstaðna þess á grundvelli heimilda og stefnumörkunar samkvæmt ákvörðun samningsaðila sjálfra eða alþjóðasamfélagsins.

9. gr. b

Almenn öryggisákvæði

1. Samningsaðilar skulu taka upp öryggistengt tollefirlit samkvæmt ákvæðum þessa kafla og beita því í tengslum við vörur sem fluttar eru inn á tollsvæði þeirra eða út af því, og tryggja þannig jafngilt öryggi á ytri landamærum sínum.
2. Samningsaðilar skulu falla frá því að beita öryggistengdu tollefirliti samkvæmt ákvæðum þessa kafla þegar um ræðir vörur sem fluttar eru milli tollsvæða þeirra.
3. Áður en samningsaðilar gera samning við lönd utan EES um efni, sem fellur undir þennan kafla, skulu þeir hafa með sér samráð til þess að tryggja að hann sé samrýmanlegur ákvæðum þessa kafla, einkum þegar samningurinn hefur að geyma ákvæði sem fela í sér undanþágur frá öryggistengdu tollefirliti sem lýst er í kaflanum. Hver samningsaðili skal sjá til þess að samningar, sem gerðir eru við lönd utan EES, skapi öðrum samningsaðilum ekki réttindi eða skyldur nema ákvörðun um annað sé tekin á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar.

9. gr. c

Fyrirframskýrsla um innflutning og útflutning

1. Þegar vörur eru fluttar inn á tollsvæði samningsaðila frá löndum utan EES skal gefa út innflutningsskýrslu (sem nefnist „einföld innflutningsskýrsla“ í því sem hér fer á eftir) nema þegar um ræðir vörur sem er að finna á flutningatækjum sem eiga leið um landhelgi eða loftrými tollsvæðisins en án þess að komið sé við nokkurs staðar á því svæði.
2. Þegar vörur eru fluttar út af tollsvæði samningsaðila til landa utan EES skal gefa út útflutningsskýrslu (sem nefnist „einföld útflutningsskýrsla“ í því sem hér fer á eftir) nema þegar um ræðir vörur sem er að finna á flutningatækjum sem eiga leið um landhelgi eða loftrými tollsvæðisins en án þess að komið sé við nokkurs staðar á því svæði.

3. Einföldum inn- og útflutningsskýrslum skal skilað áður en vörurnar eru fluttar inn á eða út af tollsvæði samningsaðila.
4. Til 31. desember 2010 eru skil á einföldum inn- og útflutningsskýrslum af því tagi, sem um getur í 1. og 2. mgr., valkvæð að því tilskildu að í gildi séu í Evrópubandalaginu bráðabirgðaráðstafanir sem fela í sér undanþágu frá þeirri skyldu að leggja fram slíkar skýrslur.

Ef einfaldri inn- eða útflutningsskýrslu er ekki skilað, með vísan til ákvæða fyrsta málslíðar, skal fara fram á vegum töllyfirvalda áhættugreining vegna öryggistengds tollefirlits, sbr. 9. gr. e, eigi síðar en þegar vörurnar koma til innflutnings eða útflutnings, og þá, eftir því sem við á, á grundvelli hvernar þeirrar skýrslu um vörurnar sem fyrirbyggjandi er eða hvernar þeirrar upplýsinga annarra sem tiltækar eru.

5. Samningsaðilar skulu hver um sig ákveða hvaða einstaklingum skuli heimilt að skila einföldum inn- eða útflutningsskýrslum, svo og hvaða yfirvöld skuli hafa heimild til að taka við slíkum skýrslum.
6. Í I. viðauka við bókun þessa er mælt fyrir um
 - framsetningu og efnisatriði einfaldra inn- og útflutningsskýrslna,
 - undantekningar frá þeirri skyldu að skila einfaldri inn- eða útflutningsskýrslu,
 - hvert einföld inn- eða útflutningsskýrsla skal send,
 - fresti til að skila einfaldri inn- eða útflutningsskýrslu
 - og hvers kyns önnur atriði sem eru nauðsynleg til að tryggja rétta beitingu þessarar greinar.
7. Heimilt er að nota tollskýrslu sem einfalda inn- eða útflutningsskýrslu að því tilskildu að hún hafi að geyma öll efnisatriði sem krafist er vegna stuttrar skýrslu.

9. gr. d

Viðurkenndur rekstraraðili

1. Hver samningsaðili skal veita stöðu „viðurkennds rekstraraðila“ hverjum þeim rekstraraðila sem hefur staðfestu á tollsvæði hans, enda fullnægi hann skilyrðunum sem kveðið er á um í II. viðauka við bókun þessa.

Þó er heimilt, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, og einkum með vísan til milliríkjasamninga sem gerðir hafa verið við lönd utan EES, að víkja frá kröfunni um að rekstraraðili hafi staðfestu á tollsvæði samningsaðila að því varðar tiltekna flokka viðurkenndra rekstraraðila. Jafnframt skal hver samningsaðili ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum, til greina kemur að veita þessa stöðu flugfélagi eða útgerðarfélagi sem hefur ekki staðfestu á yfirráðasvæði viðkomandi samningsaðila en rekur svæðisskrifstofu þar.

Viðurkenndir rekstraraðilar skulu njóta sérstakrar fyrirgreiðslu í tengslum við öryggistengda tollskoðun.

Þegar einn samningsaðila hefur veitt stöðu viðurkennds rekstraraðila skulu aðrir samningsaðilar viðurkenna þá stöðu, að teknu tilliti til reglna og skilyrða sem mælt er fyrir um í 2. mgr. og með fyrirvara um tollskoðun, einkum þannig að tekið sé tillit til framkvæmdar samninga sem gerðir hafa verið við lönd utan EES og hafa að geyma ákvæði um gagnkvæma viðurkenningu á stöðu viðurkennds rekstraraðila.

2. Í II. viðauka við bókun þessa er mælt fyrir um
 - reglur sem fara ber eftir þegar staða viðurkennds rekstraraðila er veitt, einkum eftir hvaða viðmiðum og skilyrðum ber að fara,
 - hvaða fyrirgreiðsla er heimil,
 - við hvaða skilyrði staða viðurkennds rekstraraðila er ógilt tímabundið eða afturkölluð,
 - hvernig standa skal að miðlun upplýsinga milli samningsaðila um viðurkennda rekstraraðila,
 - og hvers kyns önnur atriði sem eru nauðsynleg til að tryggja rétta beitingu þessarar greinar.

9. gr. e

Öryggistengd tollskoðun og stýring öryggisáætlu

1. Tollskoðun, önnur en slembiathuganir, skal taka mið af áhættugreiningu sem byggist á sjálfvirkum gagnavinnsluáðferðum.
2. Það er í höndum hvers samningsaðila um sig að ákveða tilhögun áhættustýringar, setja sér áhættuviðmið og skilgreina forgangssvæði vegna öryggistengdrar skoðunar.
3. Samningsaðilar skulu líta svo á að öryggistengd áhættustýringarkerfi þeirra hvers um sig séu jafngild.

4. Samningsaðilar skulu hafa með sér samstarf í því skyni að
 - skiptast á upplýsingum til þess að bæta og efla áhættugreiningu sína og gagnsemi öryggistengdrar skoðunar og
 - setja innan hæfilega langs tíma sameiginlegar reglur um áhættustýringu, sameiginleg áhættuviðmið og sameiginleg forgangssvæði vegna skoðunar, svo og að koma upp sameiginlegu rafrænu áhættustýringarkerfi.
5. Sameiginlega EES-nefndin skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna beitingar þessarar greinar.

9. gr. f

Vöktun á framkvæmd öryggistengds tollefirlits

1. Sameiginlega EES-nefndin skal setja reglur sem gera samningsaðilum kleift að vakta framkvæmd ákvæðanna í þessum kafla og ganga úr skugga um að farið sé að þeim ákvæðum og ákvæðum I. og II. viðauka við bókun þessa.
2. Vöktun samkvæmt 1. mgr. skal tryggð með
 - reglulegu mati á því hvernig framkvæmd ákvæðanna í þessum kafla hefur tekist, og einkum hvort ráðstafanir á sviði öryggistengds tollefirlits geta talist jafngildar,
 - athugun sem hefur það að markmiði að gera beitingu ákvæðanna í þessum kafla skilvirkari eða breyta þeim til þess að þau stuðli betur að settum markmiðum,
 - fundum sérfræðinga samningsaðila til þess að ræða tiltekin mál og endurskoðun stjórnsýslumeðferðar, m.a. skyndiskoðana.
3. Ráðstafanir, sem gerðar eru í samræmi við ákvæði þessarar greinar, mega ekki brjóta á rétti hlutaðeigandi rekstraraðila.

9. gr. g

Vernd þagnarskyldu og persónuupplýsinga

Allar upplýsingar, sem samningsaðilar skiptast á með vísan til ákvæðanna í þessum kafla, njóta verndar samkvæmt lögum um þagnarskyldu og vernd persónuupplýsinga sem gilda á yfirráðasvæði samningsaðilans sem fær upplýsingarnar í hendur.

Upplýsingarnar má ekki afhenda neinum öðrum en lögbærum yfirvöldum samningsaðila og mega þau yfirvöld ekki nýta þær í neinum öðrum tilgangi en kveðið er á um í þessum kafla.

9. gr. h

Þróun löggjafar

1. Um allar breytingar, sem verða á löggjöf Evrópubandalagsins að því er varðar réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt þessum kafla og I. og II. viðauka við bókun þessa, skal fara samkvæmt starfsreglunum í þessari grein.
2. Um leið og undirbúningur hefst að nýrri löggjöf í Evrópubandalaginu á einhverju því sviði, sem fellur undir ákvæðin í þessum kafla, skal leitað eftir ráðgjöf sérfræðinga frá hlutaðeigandi EFTA-ríki með óformlegum hætti í samræmi við ákvæði 99. gr. samningsins.
3. Reynist nauðsynlegt að breyta þessum kafla og I. og II. viðauka við bókun þessa í því skyni að taka tillit til þróunar í löggjöf Evrópubandalagsins um málefni sem falla undir ákvæðin í þessum kafla og I. og II. viðauka skal staðið að slíkum breytingum með þeim hætti að þær geti komið til framkvæmda samtímis þeim breytingum sem gerðar eru á löggjöf Evrópubandalagsins og að teknu fullu tilliti til málsmeðferðar hvers samningsaðila um sig.

Reynist ekki unnt að standa þannig að ákvörðun að ákvæðin geti komið til framkvæmda samtímis á þennan hátt skulu samningsaðilar beita breyttum ákvæðum samkvæmt drögum að slíkri ákvörðun til bráðabirgða, eftir því sem því verður við komið og að teknu fullu tilliti til málsmeðferðar hvers samningsaðila um sig.

4. Þegar um ræðir málefni sem varða tiltekið EFTA-ríki skal Evrópubandalagið sjá til þess að sérfræðingar frá viðkomandi EFTA-ríki geti setið sem áheymarfulltrúar á fundum nefndar um tollareglur sem komið var á fót samkvæmt 247. gr. a í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna Bandalagsins.

9. gr. i

Verndarákvæði og tímabundin ógilding ákvæðanna í þessum kafla

1. Nú virðir samningsaðili ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum kafla, eða jafngildi öryggistengds tolfstírlits er ekki lengur tryggt, og getur annar samningsaðili þá ákveðið að hætta tímabundið að beita ákvæðunum í þessum kafla, að hluta eða að fullu, eða gera viðeigandi ráðstafanir, en þó aðeins eftir að málið hefur verið tekið upp í sameiginlegu EES-nefndinni og eingöngu að því leyti og í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að leysa úr vandanum. Hér gilda ákvæði 112.–114. gr. samningsins að breyttu breytanda.
2. Ef jafngildi öryggistengds tolfstírlits er ekki lengur tryggt vegna þess að breytingarnar, sem um getur í 3. mgr. 9. gr. h, hafa ekki verið ákveðnar skal beitingu ákvæðanna í þessum kafla hætt tímabundið daginn sem löggjöf Evrópubandalagsins kemur til framkvæmda, nema sameiginlega EES-nefndin taki ákvörðun um annað að lokinni athugun á fyrirhuguðum ráðstöfunum til að viðhalda beitingu ákvæðanna.

9. gr. j

Bönn eða takmarkanir í tengslum við innflutning, útflutning eða umflutning á vörum

Ákvæðin í þessum kafla skulu ekki hindra að innflutningur, útflutningur eða umflutningur á vörum sé bannaður eða takmarkaður ef reglur um slíkt eru settar á vegum samningsaðila eða aðildarríkja Evrópubandalagsins og unnt er að réttlæta þær með vísan til almenns siðgæðis, allsherjarreglu og almannaöryggis, eða að vernda þurfi heilsu og líf manna, dýra eða jurta svo og umhverfið, þjóðargæðum sem hafa listrænt gildi, sögulegt gildi eða fornminjagildi eða atvinnu- eða viðskiptaleyndarmál.

9. gr. k

Valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA

Í málum, sem varða beitingu ákvæðanna í þessum kafla og I. og II. viðauka við bókun þessa, skal Eftirlitsstofnun EFTA ekki aðhafast fyrr en hún hefur leitað samráðs um málið í samræmi við ákvæði 2. mgr. 109. gr. samningsins.

9. gr. l

Viðaukar

Viðaukar, sem fylgja bókun þessari, eru óaðskiljanlegur hluti hennar.“

3. Eftirfarandi viðaukar bætist við:

*„I. VIÐAUKI***EINFALDAR INN- OG ÚTFLUTNINGSSKÝRSLUR***I. gr.**Framsetning og efnisatriði einfaldra inn- og útflutningsskýrslna*

1. Einföldum inn- og útflutningsskýrslum skal skilað gegnum gagnavinnskylkerfi. Nota má viðskiptaskjöl, hafnarskjöl eða flutningsskjöl að því tilskildu að þau hafi að geyma nauðsynlegar upplýsingar.
2. Einfaldar inn- og útflutningsskýrslur skulu hafa að geyma þau efnisatriði sem mælt er fyrir um í 30. viðauka A í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um setningu ákvæða til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um setningu tollareglna bandalagsins ⁽¹⁾. Þær skulu fylltar út í samræmi við skýringar sem er að finna í þeim viðauka. Einfaldar inn- og útflutningsskýrslur skulu vottaðar af þeim sem tekur skýrsluna saman.
3. Heimild tolfstírlits til að skila einfaldri inn- eða útflutningsskýrslu á pappír, eða á hvern þann hátt annan sem um semst milli tolfstírlits, skal aðeins veitt ef annað af tvennu gerist,
 - a) þ.e. að tölvukerfi tolfstírlitsdanna er óstarfhæft,
 - b) eða að þeim, sem skilar einfaldri inn- eða útflutningsskýrslu, tekst ekki að senda rafræna umsókn,

að því tilskildu að tolfstírlitsdölin beiti áhættustýringu sem er sambærileg þeirri sem notuð er þegar einföldum inn- og útflutningsskýrslum er skilað gegnum gagnavinnskylkerfi.

Einfaldar inn- og útflutningsskýrslur á pappír skulu bera undirskrift þess sem tekur skýrsluna saman. Með einföldum inn- og útflutningsskýrslum á pappír af þessu tagi skal skilað farmskrám eða öðrum viðeigandi skráum, eftir því sem nauðsyn krefur, og þær skulu hafa að geyma þau efnisatriði sem um getur í 2. mgr.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1.

4. Samningsaðilar skulu ákveða hver um sig með hvaða skilyrðum og samkvæmt hvaða starfsreglum þeir heimila þeim, sem skilar einfaldri inn- eða útflutningsskýrslu, að breyta einu eða fleiri efnisatriðum í skýrslunni eftir að henni er skilað til töllyfirvalda.

2. gr.

Undantekningar frá þeirri skyldu að skila einfaldri inn- eða útflutningsskýrslu

1. Ekki skal krafist einfaldrar inn- eða útflutningsskýrslu þegar um ræðir eftirtaldar vörur:
 - a) Raforku.
 - b) Vörur sem eru fluttar inn eða út gegnum leiðslur.
 - c) Bréf, póstkort og prentað mál/prentefni, og þá einnig á rafrænum geymslumiðlum.
 - d) Vörur sem fluttar eru samkvæmt reglunum í stofnskrá Alþjóðapóstbandsins.
 - e) Vörur sem heimilt er samkvæmt löggjöf samningsaðila að gera grein fyrir með munnlegri tollskýrslu eða skýrslu sem er einfaldlega fólgin í flutningi yfir landamærin, að frátöldum vörum sem fluttar eru á vörubrettum, í gámum eða með flutningatækjum á vegum, á járnbrautum, í lofti eða á skipgengum vatnaleiðum samkvæmt flutningasamningi.
 - f) Vörur sem fluttar eru í farangri einstakra ferðamanna.
 - g) Vörur sem falla undir ATA- og CPD-skírteini.
 - h) Vörur sem njóta undanþágu samkvæmt Vínarsamningi um stjórnmálasamband frá 18. apríl 1961, Vínarsamningi um ræðissamband frá 24. apríl 1963 eða öðrum samningum um ræðissamband eða New York-samningi frá 16. desember 1969 um sérstakar sendinefndir.
 - i) Vopn og hergögn sem flutt eru inn á tollsvæði samningsaðila eða út af því á vegum yfirvalda sem hafa varnarmál samningsaðilanna með höndum, í flutningi á vegum hersins eða í flutningi sem á sér eingöngu stað í þágu hernaðaryfirvalda.
 - j) Eftirtaldar vörur sem eru fluttar inn á tollsvæði samningsaðila eða út af því beint til eða frá bor- eða vinnslupöllum sem starfræktir eru á vegum einhvers þess sem hefur staðfestu á tollsvæði samningsaðila:
 - Vörur sem hafa verið notaðar sem hluti af slíkum pöllum, þ.e. við smíði þeirra eða við viðgerðir, viðhald eða breytingar á þeim.
 - Vörur sem hafa verið notaðar sem viðbætur eða búnaður á slíkum pöllum. Önnur aðföng sem eru notuð eða sem neytt er á slíkum pöllum. Úrgangur, önnur en spilliefni, af slíkum pöllum.
 - k) Vörur sem eru hluti af vörusendingu og hafa innra virði sem er ekki umfram EUR 22, að því tilskildu að töllyfírvöld fallist á að inna af hendi áhættugreiningu, með samþykki rekstraraðilans, á grundvelli upplýsinga sem eru geymdar í kerfi rekstraraðilans, eða fengnar úr því kerfi.
 - l) Vörur sem eru fluttar í skjóli eyðublaðs 302 sem kveðið er á um í samningi milli aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins um réttarstöðu liðsafla þeirra, er undirritaður var í Lundúnum 19. júní 1951.
2. Ekki skal krafist einfaldrar inn- eða útflutningsskýrslu í þeim tilvikum sem kveðið er á um í milliríkjasamningum sem samningsaðili gerir við land utan EES á því sviði öryggismála sem fellur undir málsmeðferð samkvæmt 3. mgr. 9. gr. b í bókun þessari.
3. Einfaldrar inn- eða útflutningsskýrslu er ekki krafist í Evrópubandalaginu í þeim tilvikum sem kveðið er á um í staflíð j) í 181. gr. c, staflíð j) í 592. gr. a og staflíð b) í 2. mgr. 842. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 2454/93.

3. gr.

Hvert einföld inn- eða útflutningsskýrsla skal send

1. Einföld innflutningsskýrsla skal send lögbærri tollskrifstofu á tollsvæði þess samningsaðila sem vörurnar eru fluttar til frá landi utan EES. Sú tollskrifstofa skal á grundvelli upplýsinganna í skýrslunni inna af hendi áhættugreiningu og hvers kyns öryggistengda tollskoðun sem telst nauðsynleg, og þá einnig þegar vörurnar eru ætlaðar til innflutnings á tollsvæði annars samningsaðila.
2. Einföld útflutningsskýrsla skal send lögbærri tollskrifstofu á tollsvæði þess samningsaðila þar sem innt er af hendi formsatriði vegna vöruútflutnings til lands utan EES. Ef útflutningsskýrsla er notuð sem einföld útflutningsskýrsla skal hún þó send lögbærri tollskrifstofu á tollsvæði þess samningsaðila þar sem innt er af hendi formsatriði vegna útflutnings til lands utan EES. Sú lögbæra skrifstofa skal á grundvelli upplýsinganna í skýrslunni inna af hendi áhættugreiningu og hvers kyns öryggistengda tollskoðun sem telst nauðsynleg.

3. Þegar vörur eru fluttar af tollsvæði eins samningsaðila til lands utan EES um tollsvæði annars samningsaðila skulu lögbær yfirvöld fyrrnefnda samningsaðilans senda gögnin, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., lögbærum yfirvöldum síðarnefnda samningsaðilans. Samningsaðilar skulu leitast við að mynda tengsl sín í milli með það að markmiði að notast við sameiginlegt gagnayfirfærslukerfi sem hefur að geyma allar þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að votta útflutning á viðkomandi vörum.

Sameiginlega EES-nefndin getur þó mælt fyrir um að í vissum tilvikum skuli ekki krafist yfirfærslu gagna, að því tilskildu að slík tilvik grafi ekki undan öryggisstiginu sem tryggt er með bókun þessari.

Geti samningsaðilar ekki sinnt gagnayfirfærslu samkvæmt fyrstu undirgrein daginn sem bókun þessi kemur til framkvæmda skal einföld útflutningsskýrsla um vörur, sem fluttar eru frá tollsvæði eins samningsaðila til lands utan EES um tollsvæði annars samningsaðila, aðrar en vörur sem sendar eru með beinu flugi, aðeins send lögbærum yfirvöldum síðarnefnda samningsaðilans.

4. gr.

Frestur til að skila einfaldri inn- eða útflutningsskýrslu

1. Frestir til að skila einfaldri inn- eða útflutningsskýrslu skulu vera samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 184. gr. a og 592. gr. b í reglugerð (EBE) nr. 2454/93.
2. Með fyrirvara um málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 9. gr. b í bókun þessari, skulu frestir samkvæmt 1. mgr. ekki gilda ef milliríkjasamningar um öryggismál, sem samningsaðili hefur gert við lönd utan EES, kveða á um annað.

II. VIÐAUKI

VIÐURKENNDUR REKSTRARAÐILI

I. bálkur

Veiting stöðu viðurkennds rekstraraðila

1. gr.

Almenn ákvæði

1. Til þess veita megi stöðu viðurkennds rekstraraðila skal fullnægja eftirtöldum skilyrðum hið minnsta:
 - a) Hlutaðeigandi verður að hafa farið að tollareglum með fullnægjandi hætti á liðnum árum.
 - b) Hlutaðeigandi verður að búa yfir viðunandi kerfi til vörslu viðskiptaskjala, svo og flutningsskjala þar sem það á við, sem gerir viðeigandi tollskoðun mögulega.
 - c) Hlutaðeigandi verður að geta sýnt fram á fullnægjandi gjaldþol, þegar það á við.
 - d) Hlutaðeigandi verður að fara að viðeigandi öryggisstöðlum.
2. Málsmeðferð, sem beitt er í tengslum við veitingu á stöðu viðurkennds rekstraraðila, og réttaráhrif þeirrar stöðu eru háð ákvörðun hvers samningsaðila.
3. Samningsaðilar skulu sjá til þess að tollyfirvöld þeirra fylgist með því að viðurkenndur rekstraraðili fullnægi öllum skilyrðum fyrir því að öðlast þá stöðu og endurskoða skilyrðin ef mikilvægar breytingar verða á viðkomandi löggjöf og þegar upp koma nýjar aðstæður sem gefa yfirvöldum lögmatá ástæðu til að ætla að rekstraraðilinn fullnægi ekki lengur viðkomandi skilyrðum.

2. gr.

Að farið hafi verið að tollareglum á liðnum árum

1. Telja skal að farið hafi verið að tollareglum með fullnægjandi hætti á liðnum árum ef enginn eftirtalinna hefur orðið uppvís að alvarlegum eða ítrekuðum brotum á tollareglum næstu þrjú ár áður en umsókn er send.
 - a) Umsækjandi.
 - b) Ráðamenn umsóknarfyrirtækisins eða þeir sem ráða stjórn þess.
 - c) Lagalegur fyrirsvarismaður umsækjanda á sviði tollamála, ef slíkt á við.
 - d) Sá starfsmaður umsóknarfyrirtækisins sem ber ábyrgð á tollamálum.

2. Telja má að farið hafi verið að tollareglum með fullnægjandi hætti á liðnum árum ef lögbær tollayfirvöld líta svo á að brot, ef um slíkt er að ræða, hafi verið óverulegt í samanburði við fjölda eða umfang aðgerða sem fallið hafa undir tollareglur og veki ekki efasemdir um ásetning umsækjanda.
3. Ef þeir, sem hafa með höndum yfirráð í umsóknarfyrirtækinu, hafa staðfestu eða aðsetur í landi utan EES skulu tollayfirvöld meta hvort þeir fullnægi kröfum að því er varðar tollareglur á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og upplýsinga.
4. Hafi umsækjandi starfað um skemmri tíma en þrjú ár skulu tollayfirvöld meta hvort hann fullnægi kröfum að því er varðar tollareglur á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og upplýsinga.

3. gr.

Viðunandi kerfi til vörslu viðskiptaskjala og flutningsskjala

Til þess að gera tollayfirvöldum kleift að sannreyna að umsækjandi búi yfir viðunandi kerfi til vörslu viðskiptaskjala, svo og flutningsskjala þar sem það á við, skal umsækjandi fullnægja eftirtöldum kröfum:

- a) Nota skal bókhaldskerfi sem samræmist bókhaldsreglum sem almennt er farið eftir í viðkomandi landi og auðveldar tollefirlit á endurskoðunargrundvelli.
- b) Tollayfirvöld skulu hafa aðgang að tollskjölum, svo og flutningsskjölum þar sem það á við, annaðhvort á pappír eða rafrænt.
- c) Að hafa stjórnkerfi sem er í samræmi við gerð þess og stærð og hentar til stjórnunar á vöruflæði, og að hafa innra eftirlit sem er þess umkomið að ljósra upp um ólögleg eða vafasöm viðskipti.
- d) Að beita fullnægjandi aðferðum við umsýslu leyfa og heimilda vegna innflutnings og/eða útflutnings, þar sem það á við.
- e) Að beita fullnægjandi aðferðum við vörslu gagna og upplýsinga fyrirtækisins og til að varna því að upplýsingar fari forgörðum.
- f) Að tryggja að starfsmönnum sé kunnugt um að gera skulu tollayfirvöldum grein fyrir hvers konar erfiðleikum við að fara að tollareglum og koma upp hentugum samböndum við tollayfirvöld í því skyni.
- g) Að gera viðeigandi öryggisráðstafanir í tengslum við tölvakerfi umsækjanda til þess að verja það innrásum í heimildarleysi og tryggja öryggi skjalasafns umsækjanda.

4. gr.

Gjaldþol

1. Að því er þessa grein varðar er með gjaldþoli átt við fjárhagsstöðu sem er nægilega góð til að umsækjandi geti staðið við skuldbindingar sínar að teknu tilliti til sérkenna atvinnugreinarinnar sem hann starfar í.
2. Telja skal að skilyrðum, sem snúa að gjaldþoli umsækjanda, sé fullnægt ef unnt er að staðfesta að hann hafi haft gjaldþol næstliðin þrjú ár.
3. Hafi umsækjandi starfað um skemmri tíma en þrjú ár skal gjaldþol hans metið á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og upplýsinga.

5. gr.

Öryggisstaðlar

1. Öryggisráðstafanir umsækjanda skulu teljast viðeigandi ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:
 - a) Byggingar, sem notaðar verða undir starfsemi sem á að falla undir skirteinið, eru gerðar úr efnum sem hindra ólögmatan aðgang og veita vörn gegn innbrotum.
 - b) Gerðar hafa verið viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir óleyfilegan aðgang að útskipunarsvæðum, hleðsluopum og farmsvæðum.
 - c) Ráðstafanir í tengslum við vörumeðferð fela meðal annars í sér varnir gegn því að nokkru sé bætt við, skipt út eða eytt og að átt sé við flutningseiningar.
 - d) Beitt er, eftir því sem við á, tilteknum aðferðum við umsýslu innflutnings- og/eða útflutningsleyfa sem tengjast bönnum og takmörkunum, og til að greina slíkar vörur frá öðrum vörum.
 - e) Umsækjandi hefur gert ráðstafanir sem gera honum kleift að tilgreina skýrt hvaða fyrirtæki hann skiptir við, til þess að unnt sé að tryggja öryggi aðfangakeðju sem teygist milli landa.

- f) Umsækjandi lætur fara fram, eftir því sem heimilt er samkvæmt lögum, öryggiskönnun á starfsmönnum sem fyrirhugað er að ráða í stöður sem tengjast öryggismálum, svo og reglubundið bakgrunnsefirlit.
 - g) Umsækjandi tryggir að þeir starfsmenn hans, sem um ræðir, taki virkan þátt í áætlunum um öryggisvitund.
2. Ef umsækjandi, sem hefur staðfestu í einu af ríkjum samningsaðila, er handhafi öryggisskírteinis sem nýtur alþjóðaviðurkenningar og er gefið út samkvæmt ákvæðum milliríkjasamninga, evrópsks öryggisskírteinis sem er gefið út samkvæmt löggjöf Evrópubandalagsins, samkvæmt alþjóðastaðli Alþjóðlegu staðlasamtakanna eða samkvæmt Evrópustaðli evrópskra staðlasamtaka, eða hvers kyns annars viðurkennds skírteinis, skal litið svo á að skilyrðunum, sem kveðið er á um í 1. mgr., sé fullnægt að því leyti sem skilyrði fyrir því að gefa út þessi skírteini eru hin sömu og þau sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, eða samsvarandi.

II. bálkur

Fyrirgreiðsla til viðurkenndra rekstraraðila

6. gr.

Fyrirgreiðsla til viðurkenndra rekstraraðila

Tollyfirvöld skulu veita viðurkenndum rekstraraðilum eftirfarandi fyrirgreiðslu:

- Áður en vörurnar berast inn á tollsvæðið eða fara út af því geta lögbær tollyfirvöld tilkynnt viðurkenndum rekstraraðila að vörusendingin hafi verið valin til frekari skoðunar í kjölfar öryggistengdrar áhættugreiningar. Slíka tilkynningu skal aðeins senda þegar ekki er hætt á að hún spilli árangri af skoðuninni. Engu að síður getur skoðun farið fram á vegum tollyfirvalda þó að viðurkenndur rekstraraðili hafi ekki fengið tilkynningu um hana.
- Viðurkenndur rekstraraðili getur sent einfaldar inn- og útflutningsskýrslur sem byggjast á einfölduðum kröfum um gagnaskil samkvæmt ákvæðum viðauka 30A í reglugerð (EBE) nr. 2454/93. Ef rekstraraðilinn er flutningafyrirtæki, farmmiðlari eða tollmiðlari hefur hann þó því aðeins rétt til að senda slíkar skýrslur að hann taki þátt í innflutningi eða útflutningi á vörum fyrir hönd viðurkennds rekstraraðila.
- Viðurkenndur rekstraraðili skal gangast undir skoðun og skjalaefirlit sjaldnar en aðrir rekstraraðilar. Tollyfirvöld geta vikið frá þessu í því skyni að bregðast við tiltekinni ógnun eða eftirlitsskyldum sem mælt er fyrir um í annarri löggjöf.
- Ef lögbær tollyfirvöld ákveða engu að síður, að lokinni áhættugreiningu, að velja til frekari skoðunar vörusendingu sem fellur undir einfalda inn- eða útflutningsskýrslu, eða tollskýrslu sem viðurkenndur rekstraraðili sendir, skulu þau inna nauðsynlega skoðun af hendi hið skjótasta. Að ósk viðurkennda rekstraraðilans, og að fengnu samþykki hlutaðeigandi tollyfirvalda, getur skoðun farið fram á öðrum stað en viðkomandi tollskrifstofu.

III. bálkur

Tímabundin ógilding og afturköllun á stöðu viðurkennds rekstraraðila

7. gr.

Tímabundin ógilding stöðunnar

1. Tollyfirvöld, sem veitt hafa stöðu viðurkennds rekstraraðila, skulu ógilda hana tímabundið í eftirtöldum tilvikum:
 - a) Þegar upp kemst að ekki hefur verið farið að skilyrðum fyrir því að veita stöðuna.
 - b) Þegar tollyfirvöld hafa nægilega ástæðu til að ætla að viðurkenndi rekstraraðilinn hafi gerst sekur um athæfi sem leiðir til sakamáls og tengist broti á tollareglum.
 - c) Að ósk viðurkennda rekstraraðilans þegar hann er tímabundið ófær um að fullnægja skilyrðum fyrir því að veita stöðuna.
2. Við þær aðstæður, sem vikið er að í staflið b) í 1. mgr., geta tollyfirvöld ákveðið að ógilda ekki tímabundið stöðu viðurkennds rekstraraðila ef þau líta svo á að brotið hafi verið óverulegt í samanburði við fjölda eða umfang aðgerða sem fallið hafa undir tollareglur og veki ekki efasemdir um ásetning viðurkennda rekstraraðilans.
3. Ef þörf er á vegna eðlis eða umfangs ógnunar við öryggi almennings, lýðheilsu eða umhverfi skal ógildingin eiga sér stað tafarlaust.

4. Ógildingin skal ekki hafa áhrif á tollafgreiðslu sem hafist hefur verið handa við áður en ógildingin kom til og ekki er lokið.
5. Það er í höndum hvers samningsaðila um sig að ákveða lengd ógildingartímans sem viðurkenndi rekstraraðilinn hefur til að lagfæra það sem úrskæðis hefur farið.
6. Þegar viðurkenndi rekstraraðilinn hefur svo fullnægjandi sé að mati tollýfirvalda gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fullnægja skilyrðum sem viðurkenndum rekstraraðila ber að virða skulu tollýfirvöldin, sem veittu stöðu viðurkennds rekstraraðila, afturkalla ógildinguna.

8. gr.

Afturköllun stöðunnar

1. Tollýfirvöld, sem veitt hafa stöðu viðurkennds rekstraraðila, skulu afturkalla hana í eftirtöldum tilvikum:
 - a) Þegar viðurkenndi rekstraraðilinn hefur gerst sekur um alvarleg brot á tollareglum og á ekki frekari málskotsrétt.
 - b) Þegar viðurkenndi rekstraraðilinn lætur hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir á ógildingartímanum sem um getur í 5. mgr. 7. gr.
 - c) Að ósk viðurkennda rekstraraðilans.
2. Við þær aðstæður, sem vikið er að í staflið a) í 1. mgr., geta tollýfirvöld þó ákveðið að afturkalla ekki stöðu viðurkennds rekstraraðila ef þau líta svo á að brotin hafi verið óveruleg í samanburði við fjölda eða umfang aðgerða sem fallið hafa undir tollareglur og veki ekki efasemdir um ásetning viðurkennda rekstraraðilans.
3. Afturköllun skal koma til framkvæmda daginn eftir að hún er tilkynnt.

IV. bálkur

Upplýsingaskipti

9. gr.

Upplýsingaskipti

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og tollýfirvöld í hlutaðeigandi EFTA-ríki skulu skiptast reglulega á gögnum sem notuð eru til að auðkenna viðurkennda rekstraraðila; um er að ræða eftirtalið:

- a) TIN-númer rekstraraðilans; notast skal við snið sem samræmist ákvæðum svonefndrar EORI-löggjafar.
- b) Nafn og pósthfang viðurkennda rekstraraðilans.
- c) Númer skjalsins sem gefið var út sem heimild fyrir veitingu stöðu viðurkennds rekstraraðila.
- d) Núverandi staða (gild, ógilt tímabundið, afturkölluð).
- e) Tímabil sem stöðunni var breytt.
- f) Fyrsti gildisdagur skírteinisins.
- g) Yfirvaldið sem gaf út skírteinið.“